

**Nr. 22-027 S 021 Elley EA 250*****Bilun í stýri og dregin í land***

Skipaskr.nr. 2657  
Útgerð: Markafl ehf.  
Smíðaður: Hafnarfjörður, 2005, trefjaplast.  
Stærð: 14,98 BT  
Mesta lengd: 13,04 m Skráð lengd: 11,35 m  
Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,42 m  
Vél: Caterpillar, 254 kW, 2005.  
Fjöldi skipverja: 3



Elín©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 30. mars 2022 var Elley EA 250 á siglingu á leið á miðin austur af Straumnesi. Veður: S 1-2 m/s, myrkur

Á veiðunum misstu skipverjar olíu af vökvakerfi fyrir stýrið. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Gísli Jóns dró bátinn til hafnar í Bolungarvík.

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Vökvaslanga var staðsett utanborðs og urðu skipverjar ekki varir við lekann, í myrkrinu, fyrir en olútankurinn var orðinn tómur.
- Engin viðvörðun var á vökvatanknum sem var 200 l að rúmmáli.
- Tvær vökvadælar voru í bátnum, ein fyrir stýri og hliðarskrúfu og önnur fyrir veiðarfærabúnað, en vökvadælurnar voru með sameiginlegan olútank.
- Báturinn var ekki með sérstakan neyðarstýribúnað heldur með rafdrifið jafnvægisstýri (flöpsum) óháð öðrum stýrisbúnaði sem er viðurkenndur búnaður af Samgöngustofu sem ígildi neyðarstýris;
- Þann 6. apríl árið 2019 lenti báturinn í eins atviki en þá hét báturinn Elín BA 58.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins er að vökvakerfið tæmdist þar sem vökvaslanga fór í sundur.

***Sérstakar úbendingar:***

Nefndin beinir því til stjórnenda skipa að kynna sér til hlítar notkun og möguleika til neyðarstýringa.

***Athugasemd***

***Nefndin hefur áður ályktað í sambærilegum tilvikum:***

Sjá einnig rannsóknaskýrslur RNSA

21-127 S 083 Jón Ásbjörnsson RE 777

<https://www.rnsa.is/media/4971/21-127-s-083-jon-asbjoernssonre-777.pdf>

18-179 S 122 Von GK 113

<https://www.rnsa.is/media/4537/18-179-s-122-von-gk-113.pdf>

19-018 S 014 Elli P SU 206

<https://www.rnsa.is/media/4575/19-018-s-014-elli-p-su-206.pdf>

19-047 S 036 Elín BA 58

<https://www.rnsa.is/media/4544/19-047-s-036-eli-n-ba-58.pdf>